

STJÓRN STRÆTÓ BS.

Ár 2018, fimmtudaginn 30. ágúst 2018 var haldinn 290. fundur í stjórn Strætó bs. í Mjódd og hófst hann kl. 12:00. Mætt voru: Hjálmar Sveinsson, Sigrún Edda Jónsdóttir, Helga Ingólfssdóttir, Karen Halldórsdóttir og Ásgeir Sveinsson. Fjarverandi: Björg Fengler. Fundinn sátu einnig Jóhannes S. Rúnarsson framkvæmdastjóri og Ástríður Þórðardóttir sviðsstjóri fjármála og reksturs sem ritaði fundargerð.

Dagskrá fundar:

1. Forsendur fjárhagsáætlunar 2019
2. Efling almenningssamganga

Tekið fyrir:

1. Forsendur fjárhagsáætlunar 2019
Áframhaldandi umfjöllun um drög að forsendum fjárhagsáætlunar 2019-2023.
Stjórn samþykkti að fyrirbyggjandi drög verði lögð fram á næsta eigendafundi Strætó.
2. Efling almenningssamganga
Mannvit vann skýrslu um tilraunaverkefni um eflingu almenningssamgangna á höfuðborgarsvæðinu 2012-2022, skýrslan er unnin fyrir stýrihóp SSH og ríkisins og var gefin út í apríl 2018 og var kynnt á fundi stjórnar 27. apríl 2018.
Í skýrslunni kemur fram að verkefnið hefur skilað árangri og flestir þeir mælikvarðar sem þar eru notaðir sýni jákvæðar niðurstöður. Enn hefur þó ekki tekist að ná viðunandi árangri í hlutfalli ferða með almenningssvögnum af heildarfjölda ferða á höfuðborgarsvæðinu.
Stýrihópur verkefnisins lagði til í framhaldi af niðurstöðunni að stjórn SSH myndi óska eftir skoðun og greinargerð frá Strætó um hvernig ná má sem bestu árangri við nýtingu framlags ríkisins, í framhaldi af því óskaði stjórn SSH eftir því á fundi 9. apríl 2018 að stjórn Strætó komi með tillögu um aðgerðir svo markmið samningsins verði náð.
Framkvæmdastjóri Strætó hefur í samstarfi við Mannvit tekið saman drög að aðgerðaáætlun sem lögð var fram á fundinum. Þar kemur meðal annars fram að helsta ástæða þessa að íbúar kjósi að nota ekki almenningssamgöngur er að; a) ferðatími er of langur og b) leiðakerfi henti ekki.
Til að bregðast við þessu þarf að fjölga sérakreinum og forgangsljósum fyrir Strætó, ásamt því að auka tíðni ferða (ridership) á fleiri leiðum.
Markvissara samráð á milli einstaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu og sveitarfélaganna og Strætó þarf að eiga sér stað til að hægt verði að ná árangri, meðal annars um uppbyggingu sérakreina, forgangsljósa, aðgengi og útlit stoppistöðva og leiðakerfis í átt að aukinni tíðni.

Fleira var ekki tekið fyrir.

Fundi slitið kl. 13:30

Hjálmar Sveinsson

Helga Ingólfssdóttir
Karen Halldórsdóttir

Sigrún Edda Jónsdóttir
Ásgeir Sveinsson